



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 26. júní 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Hafsteinn Pálsson slökkviliðsstjóri sat fundinn undir 4. dagskrárlið.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir því að breyting yrði gerð á dagskrá og að undir 5. dagskrárlið yrði bætt eftirfarandi lið: *Samningur við Örvar ehf. varðandi útleigu á Fellsborg*. Var breyting á dagskrá borin upp til samþykktar. Breyting var samþykkt með 5 greiddum atkvæðum.

### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu vikur. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

### 2. Rekstur jan-maí 2020

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu fimm mánuði ársins sem sveitarstjóri fór yfir og skýrði. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og rekstur sveitarfélagsins almennt. Málið var til kynningar.

### 3. Sumarleyfi sveitarstjórnar

Með vísan til 8. gr. Samþykktar Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014 verður fundur sveitarstjórnar í júlí felldur niður vegna sumarleyfa og næsti fundur sveitarstjórnar boðaður 14. ágúst 2020.

### 4. Málefni Slökkviliðs

Slökkviliðsstjóri fór yfir málefni slökkviliðs og stöðu. Sveitarstjórn ræddi málefni brunavarna og fól sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra að vinna áfram að úrbótum.

### 5. Samningar

#### a. Projects ehf. um mannauðsráðgjöf

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Projects ehf. sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi drögin og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

**b. Örvar ehf. vegna skólamáltíða**

Fyrir fundinum lágu drög að samningi vegna skólamáltíða fyrir Höfðaskóla. Sveitarstjórn ræddi drögin og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn.

**c. Örvar ehf. vegna leigu á Fellsborg**

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um leigu á Fellsborg. Þá lá fram beiðni frá Örvari ehf. varðandi kaup á búnaði inn í Fellsborg sem sveitarstjórn ræddi. Var sveitarstjóra falið að undirrita samning um leigu á Fellsborg. Þá var sveitarstjóra falið að ganga til samninga um kaup á búnaði inn í húsnæðið.

**d. Slavko Velemir vegna slátts á opnum svæðum**

Fyrir fundinum lá samningur vegna slátts á opnum svæðum í sveitarfélaginu sem sveitarstjórn ræddi og staðfesti.

**e. Útilegukortsins vegna útleigu á rekstri tjaldsvæðis**

Fyrir fundinum lá samningur við Landamerki ehf. (Útilegukortið) vegna útleigu á rekstri tjaldsvæðis að Höfðahólum sem sveitarstjórn ræddi og staðfesti.

**6. Ársreikningar 2019**

**a. Hafnasambands Íslands**

Fyrir fundinum lá Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2019. Ársreikningur var lagður fram til kynningar.

**b. Heimilisiðnaðarsafnsins**

Fyrir fundinum lá Ársreikningur Heimilisiðnaðarsafnsins 2019. Ársreikningur var lagður fram til kynningar.

**7. Bréf**

**a. Magnús Ver Magnússonar dags. 14.05.2020**

Með erindinu er aflraunamótið Norðurlands Jakinn kynnt. En um er að ræða keppni sterkustu manna landsins í lok ágúst 2020 víðsvegar um Norðurland. Áætlað er að halda síðustu tvær greinarnar í keppninni hér á Skagaströnd 23. ágúst nk. Óskað er



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

eftir þáttöku sveitarfélagsins sem nemur styrk að upphæð 200.000 kr. ásamt því að útvega þátttakendum eina máltíð. Ræddi sveitarstjórn erindið og samþykkti þáttöku og fól sveitarstjóra að sinna verkefninu áfram. Styrkur vegna verkefnissins verður færður á lið 1302-9991, aðrir styrkir og framlög.

**b. SSNV dags. 18.05.2020**

Fyrir fundinum lá erindi SSNV þar sem óskað er eftir því að aðildarsveitarfélög taki afstöðu til þess hvort vilji standi til þess að taka þátt í kostnaði við viðbyggingu verknámshúss FNV. Fram kemur að aðeins sé um forkönnun að ræða á vilja til þáttöku áður en teknar verði upp formlegar viðræður við ríkið og endanlegir kostnaðarútreikningar liggi fyrir. Sveitarstjórn ræddi erindið og tók jákvætt í að taka þátt í umræddri uppbyggingu með fyrirvara um endanlegan kostnað og aðkomu ríkisins.

**c. Guðjóns Guðjónssonar dags. 18.05.2020**

Fyrir fundinum lá úrsögn Guðjóns Guðjónssonar úr hafnar- og skipulagsnefnd en hann hefur gengt varamennsku í nefndinni. Oddviti lagði fram tillögu um að skipa Stefán Sveinsson í hans stað. Var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

**d. Erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 25.05.2020**

Með erindinu er áréttað það sem áður hefur fram komið, þ.e. áhrif Covid-19 á opinber fjármál, afkomu og efnahag ríkissjóðs. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að greina fjárhagsstöðu sveitarfélaga með því að safna samtímaupplýsingum um fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga á árinu 2020. Er óskað eftir samvinnu sveitarfélaga við þá vinnu til þess að auðveldara verði að meta stöðuna og setja af stað frekari mótvægisáðgerðir. Þá er lögð áhersla á gott og náð samráð ríkis og sveitarfélaga um málefnið. Erindið var til kynningar.

**e. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16.06.2020**

Fyrir fundinum lá erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga er varðar beiðni sveitarstjórnarráðherra er felur í sér að álagningarstuðlar fasteignagjalda á komandi



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

ári verði lækkaðir sem nemur að lágmarki hækkun fasteignamats milli ára. Stjórn sambandsins tók ekki afstöðu til erindisins en í viðspyrnuáætlun sambandsins er hvatt til þess að sveitarfélög hækki ekki fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði umfram verðlagsbreytingar árið 2021. Erindið var til kynningar.

**f. Hestamannafélagsins Snarfara dags. 16.06.2020**

Með erindinu sendir hestamannafélagið Snarfari beiðni um að gerður verði samningur á milli sveitarfélagsins og Snarfara um endurgjaldslaus afnot af ræktunarlöndum sveitarfélagsins Snarfara til handa. Sveitarstjórn telur ekki tækt að gera slíkan samning um þau landsvæði sem búið er að ráðstafa til annarra nota en er að öðru leyti tilbúin til þess að skoða samninga um önnur svæði. Var sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að málinu með hestamannafélaginu.

**g. Þjóðskrár dags. 18.06.2020**

Leiðrétting sveitarstjórnar á kjörskrá sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis sbr. 1. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands.

Fyrir fundinum lá bréf Þjóðskrár Íslands dags. 18. júní 2020 þar sem fram kemur að með ríkisfangsbréfi Útlendingastofnunar dags. 11. júní sl. hafi Jouni Allan Forsgrén, Bogabraut 10, Skagaströnd, öðlast íslenskan ríkisborgararétt skv. 1. mgr. 7. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2007.

Sveitarstjórn samþykkti leiðréttingu á kjörskrá í samræmi við það sem að framan greinir og að Jouni Allan Forsgrén skuli tekinn á kjörskrá. Leiðréttingin verður þannig gerð að nafn Jouni verði ritað aftast í kjörskrá.





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

**h. Rósu Bjargar Högnadóttur dags. 18.06.2020**

Með erindinu er óskað eftir því að ærslabelgur verði færður vegna ónæðis sem hlýst af honum fyrir íbúa að Miðnesi. Sveitarstjórn ræddi erindið og fól sveitarstjóra að kanna forsendur málsins.

**i. Kristínar S. Björnsdóttur dags. 23.06.2020**

Með erindinu er lýst áhyggjum af grjóthruni ofan byggðar við Spákonufellshöfða. Sveitastjóri greindi frá því að haft hafi verið samband við verkfræðistofuna Stoð til þess að gera athugun á málinu.

**8. Fundargerðir**

**a. Þjónusturáðs við fatlað fólk á Nv. dags. 16. apríl 2020**

Fundargerð var til kynningar

**b. Fræðslunefndar dags. 5. júní 2019**

Fundargerð var til kynningar

**c. Skólanefndar FNV dags. 8. maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**d. Stjórnar SSNV dags. 12. maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**e. Stjórnar SSNV dags. 2. júní 2020**

Fundargerð var til kynningar

**f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20.maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12 júní 2020**

Fundargerð var til kynningar

**h. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 5. maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**i. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 8. maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**j. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 13. maí 2020**



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Fundargerð var til kynningar

**k. Hafnasambands Íslands dags. 19. maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**l. Hafnasambands Íslands dags. 28. maí 2020**

Fundargerð var til kynningar

**m. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 10. júní 2020**

Fundargerð hafnar- og skipulagsnefndar lögð fram til afgreiðslu:

**a. Liður 1. c) Umsókn um breytta notkun v. Strandgötu 4**

*Fyrir fundinum lá umsókn Hrafnhildar Sigurðardóttur kt. (290959-3659) f.h. Salthúss gistiheimilis ehf., kt. 680217-2890 þar sem óskað er eftir því að breyta notkun á neðri hæð Strandgötu 4 (fasteignanúmer F2138994). Húsið er skráð sem íbúðarhús.*

*Áætlaðar breytingar fela í sér að neðri hæð hússins verði notuð undir rekstur veitingastaðs í flokki II skv. lögum nr. 85/2007.*

*Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkti erindið eins og það er fyrir lagt með þeim fyrirvara að lagður verði fram aðaluppdráttur af húsinu sem heild og staðfesting þess að húsið uppfylli ákvæði byggingareglugerðar sem veitingahús í flokki II skv. lögum nr. 85/2007 sbr. 26. gr. rg. nr. 1277/2016, sem og önnur skilyrði viðkomandi laga og reglna varðandi fyrirhugaða starfsemi. Óskað verður eftir því að fram fari grenndarkynning vegna málsins.*

*Byggingafulltrúi bendir á að ekki sé sérstakt bilastæði við húsið sem nota megi undir þá starfsemi sem um ræðir.*

**Bókun sveitarstjórnar:**

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með fimm samhljóma atkvæðum.

**b. Liður 1. d) Háagerði: Staðfesting landamerkja og umsókn um stofnun landspildna.**

*Jón Gunnarsson kt. 250749-3039 f.h. Háagerðis ehf. kt. 510989-1399 og Finnbogi Guðmundsson kt. 160179-4309 f.h. Golfklúbbs Skagastrandar kt. 520988-2549 óska eftir staðfestingu á hnitsettum landamerkjum jarðarinnar Háagerðis, landnúmer 145485 og heimild til þess að stofna tvær spildur úr landi jarðarinnar sem Háagerði 1 og Háagerði 2 skv. meðfylgjandi afstöðuuppdrætti nr. S01 í verki 441703 útg. 18. mars 2020. Afstöðuuppdráttur er unninn á Stoð ehf. verkfræðistofu*



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

af Birni Magnúsi Árnasyni. Landamerki eru unnin skv. landamerkjálýsingu dags.  
28.08.1990.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir erindið eins og það er lagt fyrir.

**Bókun sveitarstjórnar:**

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með fimm samhljóða atkvæðum.

Fundargerð hafnar- og skipulagsnefndar var að öðru leyti til kynningar.

**9. Önnur mál**

Ekki var fleira tekið fyrir undir þessum lið og fundi var slitið kl. 11:30


  
Halldór G. Ólafsson

  
Róbert Kristjánsson

  
Kristín Björk Leifsdóttir

  
Péturína L. Jakobsdóttir

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Alexandra Jóhannesdóttir

